



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

## Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 2/2012

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Samtökum fjármálafyrirtækja

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 2/2012 varð að reglum nr. 334/2013 um útreikning á aðlöguðu gjaldþoli váttryggingafélaga

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Samtök fjármálfyrirtækja	Almenn umsögn	<p>Samtök fjármálfyrirtækja (SFF) hafa fengið til umsagnar umræðuskjal nr. 2/2012 um útreikning á aðlöguðu gjaldpoli váttryggingafélaga. Með reglunum er verið að lögfesta tilskipun 98/78/EB um viðbótareftirlit með tilteknum váttryggingafélögum með þeim hætti sem gert er ráð fyrir í 6. mgr. 31. gr. I. nr. 56/2010, um váttryggingastarfsemi og tilskipun 2002/87/EB um viðbótareftirlit með lánastofnunum, váttryggingafélögum og verðbréfafyrirtækjum. Fyrirnefnd tilskipun var upphaflega lögfest í tíð fyrri laga um váttryggingastarfsemi nr. 60/1994. Reglurnar eiga að fela í sér innleiðingu á ákvæðum sem FME telur að hafi áður verið innleidd á ófullnægjandi hátt, en auk þess eiga reglurnar að fela í sér samræmingu við aðrar greinar fjármálaþjónustu. SFF taka undir að nauðsynlegt sé að endurskoða reglurnar og telja nauðsynlegt að vanda vel til verka þegar er verið að lögfesta ákvæði úr Evrópurétti hér á landi.</p>
2.	Samtök fjármálfyrirtækja	1. gr.	<p>Mikilvægt er að gæta þess að skilgreiningar hugtaka þær séu sömu og eru í lögum nr. 56/2010 um váttryggingastarfsemi. SFF telja að nauðsynlegt að bæta við skilgreiningum á hugtökunum, séu skilgreiningar úr lögnum á annað borð endurteknar, sbr. eftirfarandi dæmi: eignarhaldsfélag á váttryggingasviði (9. tl. 9. gr. í lögnum) lokað eignarhaldsfélag á váttryggingasviði (3. tl. 9. gr. í lögnum) tengd félög, hugtakið kemur fram í 3. mgr. 2. gr. en hefur ekki verið skilgreint.</p> <p>Önnur leið væri að vísa til laga um váttryggingastarfsemi um þær skilgreiningar sem þar eru, en láta halda sér í reglunum skilgreiningar á hlutdeildarfélagi, samstæðu, viðskiptum innan samstæðu og á samþjöppun áhættu, en þær eru ekki í lögnum.</p>
3.	Samtök fjármálfyrirtækja	II. kafli	<p>Kafllinn heitir „viðbótareftirlit með váttryggingasamstæðu“ en hugtakið váttryggingasamstæða er ekki skilgreint í drögnum.</p>
4.	Samtök fjármálfyrirtækja	2. gr.	<p>Í 2. mgr. segir að viðbótareftirlit feli ekki í sér að eftirlitsstjórnvöldum beri skylda til að hafa eftirlit með starfsemi tiltekinna fyrirtækja. Tilskipunartextann má skilja þannig, að eftirlit með umræddum fyrirtækjum 2</p> <p>sé eftirlitsstjórnvöldum ekki heimilt umfram það sem leiðir af ákvæðunum um viðbótareftirlit. Vanda þarf lögfestinguna hér.</p> <p>Í a-lið 3. mgr. er talað um tengd félög váttryggingafélagsins. Skilgreina þarf hugtakið.</p>
5.	Samtök fjármálfyrirtækja	7. gr.	<p>Við lestur 1. mgr. er ekki vel ljóst hvað hún þýðir. Í inngangsmálslið er talað um eignir samstæðunnar. Í þremur töluliðum er síðan talað um eignir einstakra félaga í samstæðunni. Hefur það merkingu þegar vísað er til samstæðureiknings?</p>

			Lokamálsgrein ákvæðisins þarf að skýra nánar. Af sjálfu leiðir, að eignarhlutur meðeigenda í hlutdeildarfélagi getur ekki talist til gjaldþols hluteignarfélagsins. Slíkur eignarhlutur meðeigenda kann að falla undir 3. mgr. en þarf ekki að takmarkast við lágmarksgjaldþol, þrátt fyrir ákvæði 4. mgr.
6.	Samtök fjármálfyrirtækja	8. gr.	Heiti greinarinnar er "lækkun gjaldþols ...", en hlýtur að eiga að vera lækkun aðлагаðs gjaldþols. Í 3. mgr. eru nefnd dæmi um gagnkvæma fjármögnun, en hugtakið ekki skilgreint. Skilgreining þarf að vera til staðar.
7.	Samtök fjármálfyrirtækja	10. gr.	Í seinni málslið segir að aðлагаð gjaldþol skuli ekki lægra en 0. Ef til vill er hér átt við ígildi lágmarksgjaldþols, annars er greinin ekki í samræmi við 12. gr. þar sem er gert ráð fyrir að aðлагаð gjaldþol sé borið saman við reiknað lágmark frekar en að lágmarkið sé dregið frá og mismunurinn þurfi að vera stærri en núll.
8.	Samtök fjármálfyrirtækja	12.gr.	Samkvæmt tilskipun 98/78/EB skal reikna aðлагаð gjaldþol váttryggingafélags ef eignatengsl af nokkrum tilteknum gerðum er til staðar. Í umræðuskjalinu er gert ráð fyrir því í 12. gr. að hægt sé að byggja á samstæðureikningi, eins og eðlilegt er þegar tengsl félaga eru að því tagi. Eignatengsl félaga sem kalla á útreikning á aðlöguðu gjaldþoli geta verið veikari en svo að gera þurfi samstæðureikning, t.d. ef líftryggingafélag væri dótturfélag skaðatryggingafélags með 55% eignarhald, en annað skaðatryggingafélag ætti 30 % hlutdeild í líftryggingafélaginu. Fyrirnefnda skaðatryggingafélagið þyrfti þá væntanlega að gera samstæðureikning en ekki hitt. Bæði þurfa þó að reikna aðлагаð gjaldþol. Reglurnar verða að einnig að taka til þeirra tilvika þegar félög mynda ekki samstæðu. Þó sú staða sé sennilega ekki til staðar hjá íslenskum váttryggingafélögum í dag gæti hún skapast á næstu árum, auk þess sem taka þarf upp ákvæðið í íslenskan rétt þó ekki þurfi að beita því núna. Í 1. mgr. er talað um aðлагаð gjaldþol samstæðu. Í tilskipun 98/78/EB er aðalgað gjaldþol alltaf tengt tilteknu félagi. Annað orðalag er notað í Solvency II reglum, og gæti það hafa slæðst hér inn.
9.	Samtök fjármálfyrirtækja	2. mgr. 12. gr.	Nauðsynlegt er að tilmælin séu skýr og reglurnar einfaldar í framkvæmd fyrir váttryggingafélög sem þurfa að reikna aðлагаð gjaldþol. Í 2. mgr. 12. gr. er brýnt álitafni á hvaða stigi í útreikningum skuli taka inn gólf á gjaldþoli skv. 34. gr. l. nr. 56/2010. Á að láta gólfið ráða lágmarksgjaldþoli líftryggingafélags áður en það er tekið inn í samstæðuna eða á að reikna eftir meginreglu um líftryggingafélög og skoða hvort að lokum hvort gólfið eigi við aðлагаð gjaldþol móðurfélagsins ? SFF leggja til að seinni leiðin verði farin, 3  þar sem hún virðist vera nauðsynleg til að tryggja þær tvær megináferðir sem nefndar eru í málsgreininni gefa sömu niðurstöðu.
10.	Samtök fjármálfyrirtækja	14. gr.	Sjá aths. við 10. gr.
11.	Samtök fjármálfyrirtækja	16.gr.	Misræmi er milli heitis 16. gr. og efnis hennar.

12.	Samtök fjármálfyrirtækja	17. gr.	Hugsanlega er lagaheimild fyrir þessu ákvæði ekki nægilega skýr þar sem í 54. gr. l. nr. 56/2010 er eingöngu fjallað um hæfisskilyrði stjórnar váttryggingafélags sem er kjörin á aðalfundi félagsins samkvæmt ákvæðum samþykktta félagsins. Í lögum 56/2010 er ekki fjallað um hæfisskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra eignarhaldsfélaga á váttryggingasviði. SFF eru hvenær sem er tilbúin að koma á fund FME til að útskýra athugasemdir sínar nánar sé þess óskað.
-----	-----------------------------	---------	--